

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 692/2008,
um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði
samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðast svo:

Forráðamenn uppboðsmarkaðarins sbr. 2. gr. skulu standa skil á andvirði hins selda afla að frá-dregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboð aflans. Til kostnaðar við uppboð telst kostnaður vegna flokkunar og slægingar afla og eftir atvikum ísun aflans á markaði ásamt þóknun markaðar vegna sölu hans. Í þeim tilvikum sem afla er landað í sveitarfélagi eða byggðarlagi þar sem ekki er uppboðsmarkaður er enn fremur heimilt að draga frá kostnað vegna flutnings hans á markað, enda sé aflinn fluttur á næsta uppboðsmarkað um minnst 20 km vegalengd frá viðkomandi löndunarthöfn. Eftirstöðvar andvirðis aflans skiptast með þeim hætti að útgerð skipsins skal fá 20% sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um og 80% greiðist til Verkefnasjóðs sjávar-útvegsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. janúar 2010.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Hrefna Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2010